

GREINARGERÐ

fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins

í málinu nr. 4/2021;

Fjalllendi milli Önundar-, Súganda, Skutuls- og Álfafjarðar

I. Inngangur

Fyrirsvar málsaðila

Undirritaður, Ívar Pálsson hrl., Landslögum, Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins.

Framlögð skjöl

Af hálfu íslenska ríkisins er lögð fram greinargerð þessi og skjáskot af islenskirjoklar.is.

Áskilinn er réttur til þess að leggja fram frekari gögn, þ.m.t. vegna gróðurfars.

II. Kröfugerð

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að viðurkennt verði að allt land innan eftirfarandi kröfupunkta verði úrskurðað þjóðlenda og allt til viðmiðunarmarka kröfusvæðis, sbr. eftirfarandi kröfulínur:

Klofningsheiði

Upphafspunktur er í fjallsbrún Skógarhorns sem er í beinni sjónhendingu frá seltóttum í Langadal sem skilja að landamerki Neðri- og Fremri Breiðdal (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir að brún Grjótskálargils sem ræður merkjum Neðri Breiðdals og Selakirkjubóls (2). Þaðan ráða fjallsbrúnir að fjallsbrún í botni Káldárdal sem er í beinni línu við upptök Káldár, sem ræður merkjum Selakirkjubóls og Káldár (3). Þaðan eftir fjallsbrúnum í punkt sem er í beinni línu við Markarhrygg og gil og ræður merkjum Káldár og Hóls (4). Þaðan ráða

fjallsbrúnir að miðjum Garðsdal sem ræður merkjum Hóls og Garða (5). Þaðan ráða fjallsbrúnir að fjallsbrún sem er í beinni stefnu við gil sem rennur úr Sauðanefsflési sem ræður merkjum Garða og Hvilftar (6). Þaðan ráða fjallsbrúnir að fjallsbrún þeirri innan við Litlahryggsgil sem er í beinni línu í dý í fjallinu sem ræður merkjum Hvilftar og Eyri (7). Þaðan ráða fjallsbrúnir að klauf sem er í fjallsbrún fremst á Suðanesi sem ræður merkjum Eyrar og Staðar (8). Þaðan eftir fjallsbrúnum þangað sem Þverá rennur af fjalli sem ræður merkjum Staðar og Bæjar (9). Þaðan eftir fjallsbrúnum fram Vatnsdal og í Nautskálahorn sem ræður merkjum Kvíaness og Botns (10). Þaðan ráða fjallsbrúnir fram á Botnsheiði og í Þverfjall fyrir botni Breiðdals sem ræður merkjum Veðurá ytri og Neðri Breiðdals (11). Þaðan eftir fjallsbrúnum Langadals í upphafspunkt.

Engar breytingar hafa verið gerðar á kröfum vegna *Klofningsheiðar* frá upphaflegri kröfulýsingu. Kröfupunktur íslenska ríkisins nr. 10 er rangt staðsettur á kröfukorti. Samkvæmt upphaflegri kröfugerð er punktur nr. 10 í Nautskálahorni sem ræður merkjum Kvíaness og Botns. Kröfupunktur nr. 10 verður lagfærður á kröfukorti án þess þó að það hafi áhrif á kröfusvæðið.

Kroppstaðafjall

Upphafspunktur er í fjallsbrún Vondafjalls (Þverfelli) í Heiðarskarði á hreppamörkum Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir að fjallsbrún þar sem Þverá rennur af fjalli og ræður merkjum Efstabóls og Korpudals (2). Þaðan eftir fjallsbrún í Kroppstaðaskál sem er í beinni línu við Merkislá við Korpu sem ræður merkjum Efstabóls og Kroppstaða (3) Þaðan eftir fjallsbrún að Bæjarhrygg sem ræður merkjum Kroppstaða og Bæjarhryggs (4). Þaðan eftir fjallsbrúnum Kirkjubólsfjalls, fjallsbrúnum Jafnadals og að Veðrarárhorni sem ræður merkjum Innri- og Ytri Veðrarár (5). Þaðan eftir fjallsbrúnum að Raufhorni í Breiðdalsskarði (6). Þaðan ráða fjallsbrúnir í upphafspunkt.

Engar breytingar eru gerðar á kröfum vegna *Kroppstaðafjalls* frá upphaflegri kröfulýsingu.

Hestfjall

Upphafspunktur er í fjallsbrún Hestfjalls á sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps í um 864m hæð í Korpudal (1). Þaðan á ystu fjallsbrún Hestsfjalls (2). Þaðan eftir fjallsbrún í hreppamörk Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps í Hestskarði í Tungudal (3). Þaðan eftir hreppamörkum í upphafspunkt.

Engar breytingar eru gerðar á kröfum vegna *Hestfjalls* frá upphaflegri kröfulýsingu.

Búrfell í Botnsdal

Upphafspunktur er í efstu fjallsbrún Búrfells móts við Gyltuskarð (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir hringinn á fjallinu í upphafspunkt.

Engar breytingar eru gerðar á kröfum vegna *Búrfells í Botnsdal* frá upphaflegri kröfulýsingu.

Gilsbrekkuheiði Ísafirði

Upphafspunktur er fjallsbrún í Gyltuskarði (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir í gil sem er í beinni stefnu við Seltjörn sem ræður merkjum Botns og Gilsbrekku (2). Þaðan ráða fjallsbrúnir að Ytra Áreiðargili sem ræður merkjum Gilsbrekku og Selárdals (3). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Mígandisá sem ræður merkjum Selárdals og Norðureyrar (4). Þaðan ráða fjallsbrúnir að Norðureyrargili sem ræður merkjum Norðureyrar og Galtar (5). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Skínandagil, norðan við Burstaurð sem ræður merkjum Galtar og Keflavíkur (6). Þaðan ráða fjallsbrúnir í klett sem er upp af ytra Skálarhorni sem ræður merkjum Keflavíkur og Meiribakka (7). Þaðan eftir sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar og Bolungavíkurkaupstaðar að Kistufelli og þaðan í upphafspunkt.

Engar breytingar eru gerðar á kröfum vegna *Gilsbrekkuheiðar Ísafirði* frá upphaflegri kröfulýsingu.

Gilsbrekkuheiði Bolungavík

Upphafspunktur er í fjallsbrún í klett sem er upp af ytra Skálarhorni sem ræður merkjum Keflavíkur og Meiribakka (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Kroppstaðaá, þar sem hún rennur af fjalli, sem ræður merkjum milli Meiribakka og Kroppsstaða (2). Þaðan ráða fjallsbrúnir í hæsta hnjúk á Kroppstaðahorni sem ræður merkjum Kroppstaða og Meira Hrauns (3). Þaðan ráða fjallsbrúnir í á sem rennur úr Göngumannaskörðum ofan Hraundals, sem ræður merkjum Meira- og Minna Hrauns (4). Þaðan ráða fjallsbrúnir í læk sem rennur úr Lambaskál frá fjalli og ræður merkjum Minna Hrauns og Breiðabóls (5). Þaðan ráða fjallsbrúnir að Lambamúla sem ræður merkjum Breiðabóls og Meiri Hlíðar (6). Þaðan ráða fjallsbrúnir að upptökum Þverá í Mannfellsskál sem ræður mörkum Meiri Hlíðar og Þjóðólfstungu (7). Þaðan eftir fjallsbrúnum og í vatn norðan Gráróuheiði sem er upptök Hólsár, og ræður merkjum Þjóðólfstungu og Hóls (8). Þaðan í beina sjónhendingu til fjalls og eftir fjallsbrúnum í Steinmann sem ræður merkjum Hóls og Grundarhóls (9). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Geirastaðagil sem ræður merkjum Geirastaða (10). Þaðan eftir fjallsbrúnum í Surtabrandsa sem ræður merkjum

milli Gils og Hanhóls (11). Þaðan ráða fjallsbrúnir í Kistufelli og Svarthamri að og eftir sveitarfélagamörkum Bolungarvíkurkaupstaðar og Ísafjarðarbæjar í upphafspunkt sbr. þjóðlendukröfulínu Gilsbrekkuheiði Ísafjarðarbæ.

Engar breytingar eru gerðar á kröfum vegna *Gilsbrekkuheiðar Bolungavík* frá upphaflegri kröfulýsingu.

Bolafjall og Stigahlíð

Upphafspunktur er í Kerlingu sem skilur að almenninga og Minnibakka (1). Þaðan beint til fjalls og eftir fjallsbrún í punkt sem er í beinni línu við Merkjagarð sem ræður merkjum Minnibakka og Breiðabóls (2). Þaðan eftir fjallsbrún í punkt sem er í beinni línu við Hærrikross á Lambamúla, sem ræður merkjum Breiðabóls og Meirihlíðar (3). Þaðan eftir fjallsbrún í Mjóateygsgil sem ræður merkjum Meirihlíðar og Minnihlíðar að framanverðu (4). Þaðan eftir fjallsbrún í Kaldárgil sem ræður merkjum Meirihlíðar og Minnihlíðar (5). Þaðan eftir fjallsbrún í Stekkjargil sem ræður merkjum Meirihlíðar og Traðar (6). Þaðan eftir fjallsbrún í Traðarhorn og til sjávar (7). Þaðan afmarkar sjór í upphafspunkt.

Engar breytingar eru gerðar á kröfum vegna *Bolafjalls og Stigahlíðar* frá upphaflegri kröfulýsingu.

Arafjall, Hádegisfjall og Heiðnafjall

Upphafspunktur er Ara sem ræður merkjum Neðri Hnífsdals og Óss (1). Þaðan eftir fjallsbrúnum Arafjalls, Hádegisfjalls, Núpskambs og í sveitarfélagamörk Bolungarvíkurkaupstaðar og Ísafjarðarbæjar í Heiðnafjalli (2). Þaðan eftir sveitafélagamörkum í upphafspunkt.

Engar breytingar eru gerðar á kröfum vegna *Arafjalls, Hádegisfjalls og Heiðnafjalls* frá upphaflegri kröfulýsingu.

Búðarfjall

Upphafspunktur er í Marksgili í Lambakál (1). Þaðan eftir fjallsbrúnum Búðarfjalls í Ara sem ræður merkjum Neðri Hnífsdals (2). Þaðan eftir sveitarfélagamörkum Bolungavíkur og Ísafjarðarbæjar í fremstu fjallsbrún Heiðnafjalls ofan Heiðarskarðs (3). Þaðan eftir fjallsbrúnum í upphafspunkt.

Engar breytingar eru gerðar á kröfum vegna *Búðarfjalls* frá upphaflegri kröfulýsingu.

Breiðafell og Eyrarfjall

Upphafspunktur í Bakkarönd í 666m hæð (1). Þaðan eftir fjallsbrún í Bakkahyrnu og það eftir gili sem liggur þaðan skáhallt niður á fremstu brúnir Gleiðhjalla á

Eyrarfjalli (2). Þaðan eftir brúnum Gleiðhjalla að efstu brún Steiniðjugils (3). Þaðan í sjónhendingu beint upp í fremstu brún Eyrarfjalls (4). Þaðan eftir fjallsbrúnum Breiðafells, í Þjófaskarð (5). Þaðan eftir nyrðri fjallsbrúnum Þjófa, Þjófahvilftar, Breiðafells, Fremstuhvilftar, Miðhvilftar, Eyrarfjalls og Þórólfsgrúps í upphafspunkt.

Engar breytingar eru gerðar á kröfum vegna *Breiðafells og Eyrarfjalls* frá upphaflegri kröfulýsingu.

Ernir og Kirkjubólshjall

Upphafspunktur er í fremstu fjallsbrún Básafjalls í sjónhendingu ofan Bása (1). Þaðan eftir fjallsbrúnum Ernir og Kirkjubólshjalls í Skutulsfirði í fjallsbrún sem er í beinni sjónhendingu í dý og læk við Svarta Bakka sem ræður merkjum Kirkjubólshjalls og Fossa (2). Þaðan eftir fjallsbrúnum í Hulduklett sem ræður merkjum Fossa og Engidals (3). Þaðan í og eftir fjallsbrúnum í og eftir sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps í sveitarfélagamörk á fjallsbrún Rauðkolls (4). Þaðan eftir eystri fjallsbrúnum Kirkjubólshjalls og Ernir í upphafspunkt.

Engar breytingar eru gerðar á kröfum vegna *Ernis og Kirkjubólshjalls* frá upphaflegri kröfulýsingu.

Ufs, Súðavíkurhjall og Sauratindar

Upphafspunktur er á sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps á fjallsbrún við Búðarhamar (1). Þaðan ráða fjallsbrúnir í sveitarfélagamörk Súðavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar við Sauratind og þaðan eftir sveitarfélagamörkum í upphafspunkt.

Engar breytingar eru gerðar á kröfum vegna *Ufsar, Súðavíkurhjalls og Sauratinda* frá upphaflegri kröfulýsingu.

Ufs, Súðavíkurhjall, Traðarhyrna og Sauratindar

Upphafspunktur er á sveitarfélagamörkum Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps á fjallsbrún við Búðarhamar (1). Þaðan eftir fjallsbrún í Traðargil sem ræður merkjum Traðar og Súðavíkur (2). Þaðan eftir fjallsbrún í sveitarfélagamörk Súðavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar við Sauratind og þaðan eftir sveitarfélagamörkum í upphafspunkt.

Engar breytingar eru gerðar á kröfum vegna *Ufsar, Súðavíkurhjalla, Traðarhyrnu og Sauratinda* frá upphaflegri kröfulýsingu.

Dvergsteinsfjall og Svarthamar

Upphafspunktur er í fjallsbrún fyrir botni Sauradals sem ræður merkjum Saura og Eyrardals (1). Þaðan eftir fjallsbrúnunum að Kofra sem er í beinni línu við Þórðarsteina sem ræður merkjum Eyrar og Hlíðar (2). Þaðan í fjallsbrún sem vísar að ofan í miðja Pöttvík og ræður merkjum Hlíðar og Dvergasteins (3). Þaðan eftir fjallsbrún þangað sem Dvergasteinsá rennur frá fjalli og ræður merkjum Dvergasteins og Svarthamars (4). Þaðan eftir fjallsbrún Svarthamars í fjallsbrún efst í Merkgigli sem ræður merkjum Svarthamars og Svarfhóls (5). Þaðan eftir fjallsbrún að sveitarfélagamörkum Súðavíkurbrepps og Ísafjarðarbæjar við Þóruskarð og í upphafspunkt.

Engar breytingar eru gerðar á kröfum vegna *Dvergsteinsfjalls og Svarthamars* frá upphaflegri kröfulýsingu.

Íslenska ríkið hafnar öllum kröfum, hvort sem það er um bein eða óbein eignarréttindi, nema annað hafi verið tekið fram hér að framan.

III. Málavextir

Um málavexti vísar íslenska ríkið til framlagðar kröfulýsingar, dags. 15. september 2020. Í kjölfarið voru kröfur íslenska ríkisins kynntar af hálfu óbyggðanefndar með tilskyldum hætti. Var þeim sem töldu sig eiga kröfu á kröfusvæðinu veittur frestur til 1. febrúar 2021 til að leggja fram kröfur.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Klofningsheiði

Bændurnir ehf. vegna Breiðdals Fremri.

Halldór Mikkaelsson vegna Neðri Breiðdals.

Bændurnir ehf. og Halldór Mikkaelsson vegna Selakirkjubóls. Vegna þess er rétt að benda á eftirfarandi. Með kaupsamningi og afsali, dags. 11. júní 2021, var jörðin Selakirkjuból 1 (fastanúmer 2126324 og landnúmer 141048) seld til Fjallabóls ehf. Þá liggja engin gögn fyrir um eignarhald Halldórs Mikkaelssonar að jörðinni. Skýra þarf aðild þeirra.

Klofningur ehf. vegna Kaldár.

Kristín Björg Albertsdóttir og Birkir Þór Guðmundsson vegna Hóls á Hvilftarströnd.

Hvilft ehf. f.h. eigenda Hvilftar (með Görðum).

Ísafjarðarbær vegna Eyrar.

Kristján Bjarni Karlsson vegna Bæjar í Staðardal.

Kristján Bjarni Karlsson vegna Vatnadals.

Guðrún Úlfhildur Örnólfsdóttir og Anna Ragnhildur Halldórsdóttir vegna Kvíaness.

Svavar Birkisson vegna hluta í Kvíaness.

Björn Birkisson og Svavar Birkisson vegna Botns 2 í Súgandafirði.

Ísafjarðarbær vegna Tungu.

Þorvaldur Helgi Þórðarson og Rósa Guðrún Linnét vegna Staðar í Súgandafirði.

Orkubú Vestfjarða vegna vatnsréttinda.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Kroppstaðafjall

Páll Á. R. Stefánsson vegna Kirkjubóls í Korpudal.

Páll Á. R. Stefánsson vegna Efstabóls

Ísafjarðarbær vegna Hafrafells í Skutulsfirði.

Gerða Helga Pétursdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson, Bjarki Guðmundsson og Guðmundur Jens Jóhannsson vegna Neðri-Engidals.

Garðar S. Einarsson og Guðmundur S. Einarsson vegna Fossa í Skutulsfirði.

Fjóla Jónsdóttir, Unnur Stella Guðmundsdóttir, Sóley Jónsdóttir, Ragnar Guðmundsson, Samúel Guðmundsson, Berglind Rós Guðmundsdóttir, Jóna Sveinsdóttir, Þórey Ingveldur Guðmundsdóttir og Magnús Hafsteinn Hinriksson vegna Veðrará-Innri.

Orkubú Vestfjarða vegna vatnsréttinda.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Hestfjall.

Páll Á. R. Stefánsson vegna Efstabóls.

Páll Á. R. Stefánsson vegna Kroppstaða.

Ásgeir H. Þorvaldsson, Bryndís Guðmundsdóttir, Guðbjörg S. Pálmarsdóttir, Guðbjörg S. Sveinbjörnsdóttir, Guðjón Gísli Guðmundsson, Guðjón Pálmarsson, Guðrún Svava Pálmarsdóttir, Gunnar Pétur Héðinsson, Hallgrímur Ingimar Jónsson, Magnús Guðmundsson, Margrét Pálmadóttir, Dánarþú Maríu Guðrúnar

Guðjónsdóttur, María Guðrún Guðmundsdóttir, María Guðrún Sveinbjörnsdóttir, Ragnheiður Eygló Guðmundsdóttir, Rannveig Svanhvít Þorvarðardóttir, Sveinfríður G. Þorvarðsdóttir, Viðar Örn Sveinbjörnsson, Þorsteinn Pálmarsson og Rangheiður Ósk Guðmundsdóttir vegna Hafurhests.

Ásgerður Guðbjartsdóttir, Sigríður Guðbjartsdóttir, Guðrún María Guðbjartsdóttir, Helga Erla Guðbjartsdóttir, Dánarbú Sesselju Kr. Guðbjartsdóttur, Laufey Guðbjartsdóttir, Guðjón S. Guðbjartsson, Elísabet Guðbjartsdóttir, Dánarbú Konráðs Guðbjartssonar, Árni Guðbjartsson, Einar Guðbjartsson og Þorsteinn Guðbjartsson vegna Hesthús efri.

Dánarbú, Þorvarðar Guðjónssonar, Bryndís Guðmundsdóttir, Guðbjörg S. Pálmarsdóttir, Guðbjörg S. Sveinbjörnsdóttir, Guðjón Gísli Guðmundsson, Guðjón Pálmarsson, Guðrún Svava Pálmarsdóttir, Gunnar Pétur Héðinsson, Halldóra Jóna Guðmundsdóttir, Hallgrímur Ingimar Jónsson, Magnús Guðmundsson, Margrét Pálmadóttir, Dánarbú Maríu Guðrúnar Guðjónsdóttur, María Guðrún Sveinbjörnsdóttir, Ragnheiður Eygló Guðmundsdóttir, Ragnheiður Ósk Guðmundsdóttir, Dánarbú Þorvarðar Guðjónssonar, Viðar Örn Sveinbjörnsson og Þorsteinn Pálmarsson vegna Ármúla.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Gilsbrekkuheiði Ísafirði.

Björn Birkisson og Svavar Birkisson vegna Botns 2 í Súgandafirði.

Inga Jónsdóttir, Ásta Camilla Gylfadóttir, Sigurjón Finnsson, Sigurður Sverrir Árnason, Ása Grímsdóttir og Jón S. Ragnarsson vegna Gilsbrekku.

Ísafjarðarbær vegna Selárdals.

Ævar Einarsson vegna Norðureyrar.

Jóhannes S. Aðalbjörnsson vegna Galtar í Súgandafirði.

Ísafjarðarbær vegna Tungu.

Galtarviti ehf. vegna Keflavíkur.

Orkubú Vestfjarða vegna vatnsréttinda.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Gilsbrekkuheiði Bolungavík

Lárus Guðmundur Birgisson vegna Kroppstaða í Skálavík.

Bolungarvíkurkaupstaður vegna Meirahrauns.

Jens Þór Sigurðsson vegna Meiri-Bakka.

Magni Steinsson vegna Minnahrauns.

Bolungarvíkurkaupstaður vegna Hólstorfu (að Grundarhóli undanskildum).

Elvar Kristinn Sigurgeirsson og Svala Björk Einarsdóttir vegna Þjóðólfstungu.

Margrét Ólafsdóttir og Arnþór Jónsson vegna Geirastaða.

Sveinbjörn Þór Haraldsson og Guðmunda Ó Högnadóttir vegna Miðdals.

Jóhann Hannibalsson vegna Hanhóls.

Jónína Birgisdóttir, Guðný Eva Birgisdóttir og Lárus Guðmundur Birgisson vegna Gils.

Bolungarvíkurkaupstaður vegna Hlíðartorfu (að Minni-Hlíð undanskilinni)

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Búrfell í Botnsdal

Björn Birkisson og Svavar Birkisson vegna Botns 2 í Súgandafirði.

Ísafjarðarbær vegna Tungu.

Orkubú Vestfjarða vegna vatnsréttinda.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Bolafjall og Stigahlíð

Bolungarvíkurkaupstaður vegna Hlíðartorfu (að Minni-Hlíð undanskilinni)

Bolungarvíkurkaupstaður vegna Hólstorfu (að Grundarhóli undanskildum).

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Arafjall, Hádegisfjall og Heiðnafjall

Kristján Högni Jónsson vegna Óss í Bolungarvík.

Jónína Birgisdóttir, Guðný Eva Birgisdóttir og Lárus Guðmundur Birgisson vegna Gils.

Orkubú Vestfjarða vegna vatnsréttinda.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Búðarfjall

Ísafjarðarbær vegna Neðri-Hnífsdals (Heimabær 1, 3 og 5).

Miðvík ehf. vegna Fremri-Hnífsdals.

Orkubú Vestfjarða vegna vatnsréttinda.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Breiðafell og Eyrarfjall

Ísafjarðarbær vegna Eyrar með Stakkanesi.

Ísafjarðarbær vegna Seljalands.

Ísafjarðarbær vegna Neðri-Hnífsdals (Heimabær 1, 3 og 5).

Miðvík ehf. vegna Fremri-Hnífsdals.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Ernir og Kirkjubólshjall

Garðar S. Einarsson og Guðmundur S. Einarsson vegna Fossa í Skutulsfirði.

Ísafjarðarbær vegna Kirkjubóls í Skutulsfirði.

Þorbjörn Halldór Jóhannesson, Gautshamar ehf. og Auður Arna Hauksdóttir skv. umboði.

Orkubú Vestfjarða vegna raflínu – Súðavíkurlína – og vatnsréttinda.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Ufs, Súðavíkurfjall og Sauratindar

Þorbjörn Halldór Jóhannesson, Gautshamar ehf. og Auður Arna Hauksdóttir skv. umboði.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Ufs, Súðavíkurfjall, Traðarhyrna og Sauratindar.

Súðavíkurhreppur vegna Súðavíkur.

Eftirfarandi kröfur bárust vegna kröfusvæðis Dvergsteinsfjall og Svarthamar

Erna Rut Steinsdóttir, Ólöf Erla Þórarinsdóttir, Dánarbrú Brynju Unnar Magnúsdóttur, Dagbjörg Sigrún Hjaltadóttir, Auðunn Friðrik Kristinsson, Eyrún Björk Svansdóttir, Ólafía Erla Svansdóttir og Snorri Gunnar Steinsson vegna Dvergasteins.

Bragi Línal Ólafsson vegna Svarfhóls.

Guðmundur M. Halldórsson vegna Svarthamars.

Orkubú Vestfjarða vegna raflínu – Súðavíkurlína – og vatnsréttinda.

IV. Málsástæður

Um málsástæður og heimildir er vísað til kröfulýsingar, dags. 15. september 2020 og sögulegrar greinargerðar Þjóðskjalasafns Íslands. Íslenska ríkið byggir á að

framangreind landssvæði sem kröfur ríkisins ná til séu svæði utan eignarlanda því þjóðlendur, sbr. 1. og 2. gr. laga nr. 58/1998.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Klofningsheiðar* er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Neðri Breiðdals, Fremri Breiðdal, Selakirkjubóls, Kaldár, Hóls, Garða, Hvilftar, Eyrar, Staðar, Vatnadals, Bæjar, Kvíaness, Botns og Veðurá ytri. Upphafleg kröfugerð innan kröfusvæðisins tók mið af landamerkjabréfum sem gerð voru 1920-1921. Við málsmeðferð Þjóðskjalasafns Íslands hafa komið fram eldri landamerkjabréf sem að mati íslenska ríkisins renna frekari stoðum undir kröfu um þjóðlendu innan kröfusvæðisins. Er sérstaklega vísað til sögulegrar greinargerðar Þjóðskjalasafns Íslands á bls. 41-99 á framlögðu skjali 3(2).

Þá er einnig miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og að hluti þess hafi ekki verið nytjað eða nýtt með öðrum hætti. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er líklega lægst í um 500m hæð en líklega hæst í um 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Kroppstaðafjalls* er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Efstabóls, Korpudals, Kirkjubóls, Tannanes, Innri Veðrarár, Veðrarár Ytri, Tungu, Hafrafells, Efri Engidals og Svarfhóls. Þá er einnig miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og að hluti þess hafi ekki verið nytjað eða nýtt með öðrum hætti. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er líklega lægst í um 550m hæð en líklega hæst í um 850m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Hestfjalls* er fyrst og fremst stuðst við afmörkun jarðarinnar Hests. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er lægst í um 650m í allt að tæplega 900m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Gilsbrekkuheiðar Ísafirði* er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Botns, Gilsbrekku, Selárdals, Norðureyrar, Galtar og Keflavíkur. Þá er einnig miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og að hluti þess hafi ekki verið nytjað eða nýtt með öðrum hætti. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er líklega lægst í um 450m hæð en líklega hæst í tæplega 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Gilsbrekkuheiðar Bolungavík* er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra þ.e. Meiribakka, Kroppstaða, Meira Hrauns, Minna Hrauns, Breiðabóls, Meiri Hlíðar,

Þjóðólfstungu, Hóls og Grundarhóls, Geirastaða, Miðdals og Hanhóls, Gils og Tungu. Ekki er talin þörf á að fjalla um aðliggjandi jarðir þar sem þegar hefur verið lýst í þjóðlendukröfu Gilsbrekkuheiðar í Ísafjarðarbæ. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er í rúmlega 500 um 650m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Bolafjalls og Stigahlíðar* er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Minnibakka, Meirihlíðar og Traðar. Ekki er tekið mið af þeim hluta lýsingar Breiðabóls sem lýsir fjallstoppi Bolafjalls og Stigahlíð innan jarðarinnar enda lýsa aðrar jarðir ekki svæðum á fjallstoppi eða Stigahlíð innan jarða. Þá eru almenningar í Stigahlíð austan merkja Breiðabóls. Bent er á að fjallstoppurinn er í rúmlega 550m hæð ofan kletta og Stigahlíðin hinu megin fjalls án tengsla við jörðina Breiðaból að öðru leyti. Miðað er við landfræðilega legu kröfusvæðis og er miðað við að land innan þess hafi ekki verið nytjað eða nýtt með öðrum hætti enda um að ræða land brattlendi, að hluta og hásléttu fjalls ofan kletta í um 550m hæð gróðursnautt og líklega lítt nytjað. Stigahlíðin er brattlendi og á köflum snarbrattir klettur, lítt gróið.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæðis *Arafjalls, Hádegisfjalls og Heiðnafjalls* er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Fremri Hnífsdals, Neðri Hnífsdals, Óss og Gils. Þá er einnig miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og að hluti þess hafi ekki verið nytjað eða nýtt með öðrum hætti.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Búðarfjalls* er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Fremri Hnífsdals, Neðri Hnífsdals, Ós og Gils. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er um 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Búrfells í Botnsdal* er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra. Aðliggjandi jarðir eru Botn og Tunga. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er umlukið klettabrúnum og allt í yfir 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Breiðafells og Eyrarfjalls* er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Bakka, Seljalands, Gils og Fremri Hnífsdals. Ekki liggur fyrir jarðabréf fyrir Eyri. Tekur kröfulýsing mið af lýsingu landamerkja Eyrar í kaupbréfi frá 7. júní 1884. Jafnframt

er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er í um 700m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Ernis og Kirkjubóls* er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Arnardals neðri, Arnardals fremri, Kirkjubóls, Fossa og Engidals. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er í um 600-800m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Ufs, Súðarvíkurfjalls, Traðarhyrnu og Sauratinda* er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Súðavíkur, Traðar og Saura. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er í um 500m til rúmlega 800m hæð, gróðursnautt, umkringt brattlendi og líklega lítt nytjað.

Við afmörkun kröfulínu á kröfusvæði *Dvergsteinsfjalls og Svarthamars* er fyrst og fremst stuðst við afmörkun á aðliggjandi jörðum samkvæmt landamerkjabréfum þeirra, Saura, Eyrardals, Hlíðar, Dvergasteins, Svarthamars og Svarfhóls. Jafnframt er miðað við landfræðilega legu kröfusvæðis og staðhætti en land innan þess er að mestu í um 700 – 900m hæð, gróðursnautt og líklega lítt nytjað.

Einnig er byggt á nýlegum rannsóknum á grundvelli samstarfsverkefnis Veðurstofu Íslands, Jarðvísindastofnunar Háskólans, Landsvirkjunar, Jöklarannsóknafélags Íslands, Landmælinga Íslands og Náttúrustofu Suðausturlands þar sem íslenskir jöklar hafa verið rannsakaðir m.t.t. þeirra breytinga sem átt hafa sér stað. Niðurstöður rannsókna má sjá á islenskirjoklar.is.

Innan kröfusvæðisins mun hafa verið að finna tvö jökla, hvor um sig 0,6 km² í fjallendinu á milli Fossa annars vegar og Svarfhóls og Svarthamars hins vegar.

Á kröfusvæðinu *Klofninsheiði* gera ábúendur jarðarinnar á Stað í Súgandafirði, Þorvaldur Helgi Þórðarson og Rósa Guðrún Linnet athugasemdir við kröfulýsingu íslenska ríkisins, m.a. að hún gangi gegn byggingarbréfi jarðarinnar. Með bréfi Ríkiseigna, nú Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir, dags. 17. mars 2021 er tekið undir sjónarmið ábúenda. Að mati íslenska ríkisins er litið svo á að með bréfi Framkvæmdasýslunar – Ríkiseigna felist kröfulýsing, eða a.m.k. mótmæli við kröfu íslenska ríkisins.

Þinglýstur eigandi jarðarinnar Staðar er Ríkissjóður Íslands. Að mati íslenska ríkisins geta ábúendur jarðar hvorki gert kröfu um beinan eignarrétt jarðar til handa eiganda hennar né mótmælt kröfu íslenska ríkisins þar sem þeir eiga ekki beina, sérstakra og

lögvarða hagsmuni, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 409/2009, enda eru réttindi ábúenda bundin við nýtingu jarðarinnar samkvæmt ábúðarsamningi. Þrátt fyrir framangreint er óskað eftir rannsókn óbyggðanefndar á því hvort um þjóðlendu eða eignarland sé að ræða.

V. Lagarök

Um lagarök er aðallega vísað til þjóðlendulaga nr. 58/1998 auk 72. gr. stjórnarskrárinnar. Byggt er á meginreglum eignarréttar um nám, töku og óslitin not, meginreglna um eignarráð fasteigna eigenda, almennra reglna samninga- og kröfuréttar, auk hefðarlaga nr. 14/1905. Þá er vísað til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986 auk ýmissa eignaréttarreglna Grágásar og Jónsbókar.

VI. Sönnunargögn

Vísað er til framlagðra skjala og hliðsjónargagna óbyggðarnefndar. Áskilinn er réttur til að leggja fram ný sönnunargögn ef tilefni gefur til.


VII. Áskoranir og sérstakur áskilnaður

Áskilinn er réttur til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins fyrir óbyggðanefnd. Þá er áskilinn réttur til að leiða vitni við aðalmeðferð.

Sérstakur fyrirvari er gerður vegna einstakra landamerkjalyýsinga, sem talið er af hálfu íslenska ríkisins að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínu, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera.

Reykjavík, 30. júní 2022

F.h. fjármála- og efnahagsráðherra,
vegna íslenska ríkisins,



Ívar Pálsson hrl.